

Vinnuskóli



Grundarfjarðar

Grundarfjarðarbær

Sumarið 2012

Reglur

Vinnuskóli fyrir nemendur 8., 9. og 10. bekkjar. Unglingar fæddir 1996, 1997 og 1998.

Vinnuskóli Grundarfjarðar verður starfræktur sumarið 2012 í tveimur tímabilum frá 4. júní fram til 26. júlí, alls átta vikur. Fyrri tímabilið stendur frá 4.-28. júní að báðum dögum meðtöldum og hið seinna frá 2.-26. júlí að báðum dögum meðtöldum. Þátttakendum verður skipt niður á tímabil eftir að skráningu lýkur. Vinnutími er 3,5 tímar á dag, kl. 8:30-12:00, mánudaga-fimmtudaga.

Vinnuskólinn er sambland af námi og starfi. Þeir sem taka þátt í allri dagskránni fá greidd laun fyrir fræðsludaga. Í lokin verður síðan vegleg grillveisla. Vinnan felst aðallega í fegrun og snyrtingu opinna svæða. Auk þess að læra grunnatriði við almenna vinnu, stundvísi, vinnu með öðrum, meðferð og frágang áhalda og tækja.

Allir nemendur Vinnuskóla Grundarfjarðar fá umsögn um frammistöðu sína að sumarstarfi loknu. Atriði sem skipta máli í matinu eru: Stundvísi, framkoma, hæfni til að taka fyrirmælum, vandvirkni, sjálfstæði í vinnubrögðum, samvinna, afköst og meðferð verkfæra.

Vinnureglur

- Mæta ber stundvíslega til vinnu og sýna hlýðni og kurteisi.
- Beiðni um leyfi þarf að berast umsjónarmanni vinnuskólans með nægum fyrirvara.
- Ef veikindi verða þurfa foreldrar eða forráðamenn að tilkynna þau til Ragnheiðar umsjónarmanns vinnuskólans í s. 690 6559 fyrir kl. 08:30 á veikindadegi.
- Fara skal vel með verkfæri og fara eftir leiðbeiningum og fyrirmælum leiðbeinanda.
- Greidd eru laun fyrir fræðsludag ef tekið er þátt í allri dagskrá vinnuskólans.
- Dregið er af launum ef mætt er of seint til vinnu. Ítrekuð brot varða brottrekstri úr skólanum.
- Ekki eru veitt frí frá vinnu vegna íþróttæfinga.
- Nemendur leggja sjálfir til allan fatnað og skulu koma til vinnu klæddir með tilliti til verkefna og veðurfars.
- Notkun farsíma og spilara (vasadiskó, Mp3, Ipod) er óheimil í skólanum.
- Nemendur hafi ávalt með sér nesti.
- Gos og sælgæti er óheimilt.
- Sjoppu- og búðarráp er óheimilt.
- Brot á starfsreglum getur þýtt brottvísun, að undangenginni áminningu.
- Umsjónarmaður vinnuskólans veitir áminningar og getur vikið nemendum úr starfi.
- Vinnuskólinn er reyklaus vinnustaður. Það gildir einnig á leið til og frá vinnu.

Starfskjör:

Laun og kjör unglunga eru ekki tengd stéttarfélagssamningum.

Unglingar fæddir 1997 eða síðar eru undanþegnir staðgreiðslu skatta.

Unglingar fæddir 1996 eða fyrr ber að skila skattkorti og greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga. Framlag reiknast frá 16 ára afmælisdegi.

Unglingar eru tryggðir launþegatryggingu sem tryggir þá í vinnu og á beinni leið til og frá vinnu.

Laun með orlofsgreiðslu:

Nemendur í 8. bekk (fæddir 1998) fá 473 kr. á tímann.

Nemendur í 9. bekk (fæddir 1997) fá 581 kr. á tímann.

Nemendur í 10. bekk (fæddir 1996) fá 712 kr. á tímann.

Orlofsfé er 10,17% og greiðist á alla tímavinnu. Orlofsgreiðsla er innifalin í tímalaunum.

Útgreiðsla launa fer fram 1. júlí og 1. ágúst 2012.